

# Samningur um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum

## I. kafli – Almenn ákvæði

### 1. gr.

#### **Umdæmi og aðild**

Sveitarfélögin Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð, hér eftir sameiginlega nefnd *sveitarfélögin*, reka saman sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

Ísafjarðarbær er leiðandi sveitarfélag og tekur að sér framkvæmd þeirra verkefna sem tilgreind eru í 3. gr. samnings þessa á grundvelli heimildar 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011 um að sveitarfélög geti samið um að eitt sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög.

Verði breytingar gerðar á aðild að samningi þessum, með fækkun eða fjölgun aðildarsveitarfélaga, verður gerður viðauki. Viðaukar samningsins fara til tveggja umræðna og staðfestingar í sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaga í samræmi við 1. mgr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga.

Almenn velferðarþjónusta, sem ekki er talin upp í 3. gr., sbr. 5. og 6. gr. samningsins, verður áfram rekin hjá hverju þjónustusvæði fyrir sig.

### 2. gr.

#### **Þjónustusvæði**

Þjónustusvæði velferðarþjónustu á Vestfjörðum eru fjögur:

- a) Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur
- b) Bolungarvíkurkaupstaður
- c) Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Reykhólahreppur
- d) Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð

### 3. gr.

#### **Málaflokkar**

Samningur þessi fjallar um eftirfarandi málaflokka:

- a) Framkvæmd og rekstur barnaverndarþjónustu skv. 10., 11. og 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- b) Þjónusta við fatlað fólk skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

### 4. gr.

#### **Valdheimildir**

Ísafjarðarbær er leiðandi sveitarfélag og felur það í sér að önnur aðildarsveitarfélög samningsins hafa framselt valdi til töku ákvarðana í málaflokkum sem undir hann heyra til Ísafjarðarbæjar. Því liggur endanleg ábyrgð á ákvörðunum hjá bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar eftir því sem við á samkvæmt viðkomandi lögum. Aðildarsveitarfélög skulu tryggja valdframsal til Ísafjarðarbæjar sé í samþykktum þeirra um stjórn og fundarskóp. Ísafjarðarbær hefur heimild til að framselja valdi til töku stjórnvaldsákvæðna til nefnda eða starfsmanna og skal slíkt valdframsal útfært í samþykktum Ísafjarðarbæjar um stjórn og fundarskóp í samræmi við

BSS  
1377  
15E  
1

sveitarstjórnarlög og lög sem um stjórnvaldsákvörðunina gilda. Ísafjarðarbær tilkynnir sveitarfélögunum sem og framkvæmdaráði um slíkt valdframsal.

Ísafjarðarbær ber fjárhagslega ábyrgð á verkefninu og tekur því ákvarðanir um útgjöld. Aðkoma annarra sveitarfélaga að fjárhagslegum þáttum samningsins er tryggð í gegnum fulltrúaráð og framkvæmdaráð í samræmi við III. kafla samningsins um samráð og aðkomu aðildarsveitarfélaganna.

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er bæjarstjórn, fastanefndum og framkvæmdaráði ekki heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu og er bæjarstjórn, fastanefndum og framkvæmdaráði ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu né taka ákvörðun í barnaverndarmálum.

## II. kafli – Verkefni og starfsmenn þjónustunnar

### 5. gr.

#### *Barnaverndarþjónusta Vestfjarða*

Verkefni Barnaverndarþjónustu Vestfjarða skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 eru:

- a) að bera ábyrgð á barnavernd, verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögnum sem eru ekki sérstaklega falin öðrum, sbr. 10. gr.
- b) ákvörðun um hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr.
- c) gerð og framkvæmd áætlunar um meðferð máls, sbr. 23. gr.
- d) taka ákvörðun um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr.
- e) veita aðstoð, sbr. a-e lið 1. mgr. 24. gr.
- f) taka við forsjá eða umsjá barns og ráðstafa í fóstur, sbr. a-lið 1. mgr. 25. gr.
- g) taka við forsjá eða umsjá barns og vista barn utan heimili á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings, sbr. b-lið 1. mgr. 25. gr.
- h) fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra, sbr. a-e lið 1. mgr. 26. gr.
- i) fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem hefur náð 15 ára aldri, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr.
- j) gera kröfu fyrir héraðsdómi að fengnum úrskurði umdæmisráðs, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 29. gr.
- k) úrræði vegna ófæddra barna, sbr. 1. mgr. 30. gr.
- l) gera kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings, sbr. 2. mgr. 30. gr.
- m) neyðarráðstafanir, sbr. 31. gr.
- n) skipan lögráðamanns eða taka yfir forsjá barns, sbr. 32. gr.
- o) áætlun um tryggja umsjá barns sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá með, sbr. 33. gr.
- p) senda inn beiðni til lögreglu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, sbr. 37. gr.
- q) taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr.
- r) taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi skv. X. og XI. kafla.
- s) ráðstöfun barns í fóstur, sbr. 65. gr.
- t) fara með alla vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun eða fóstur liggur fyrir,
- u) gerð fóstursamnings, endurskoðun og slit fóstursamnings, sbr. XII. kafli,
- v) ákvörðun um fjárhæð fósturlauna og framfærslueyris, sbr. 68. og 89 gr.
- w) gera tillögur um umgengni barns í fóstur við foreldra og aðra nákomna, sbr. 74. gr.

- x) gera tillögur um umgengni barns í vistun við foreldra og aðra nákomna, sbr. 81. gr.
- y) hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila eða sambýla til að veita börnum móttöku að uppfylltum skilyrðum, a- og b-lið 84. gr.
- z) hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur, sbr. 85. gr.
- aa) sumardvöl á vegum barnaverndarþjónustna, sbr. 86. gr.

Auk þess veitir barnaverndarþjónustan umsagnir vegna ættleiðingar skv. 16. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999 og tilnefnir málstjóra skv. 20. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

## 6. gr.

### **Þjónusta við fatlað fólk**

Þjónusta við fatlað fólk felur í sér eftirfarandi verkefni skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018:

- a) gerð samninga við sjálfseignarstofnanir eða aðra einkaaðila um þjónustu, sbr. 6. gr.,
- b) stoðþjónusta sem er nauðsynleg þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu, sbr. 8. gr.,
- c) búseta, sbr. 9. gr.
- d) gerð notendasamninga, sbr. 10. gr.,
- e) gerð samninga um um notendastýrða persónulega aðstoð, sbr. 11. gr.,
- f) hafa forystu í þverfaglegu þjónustuteymi um útfærslu þjónustu, sbr. 12. gr.,
- g) gerð samnings um stuðningsfjölskyldur, sbr. 15. gr.,
- h) frístundaþjónusta fatlaðra barna og ungmenna, sbr. 16. gr.,
- i) skammtímadvöl, sbr. 17. gr.,
- j) sumardvöl, sbr. 18. gr.,
- k) tilnefning málstjóra, sbr. 19. gr., sbr. lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.,
- l) vinnustaðir fyrir verndaða vinnu, hæfingu og dagþjónustu fyrir fatlað fólk þar sem því stendur til boða þroska-, iðju- og starfsþjálfun, sbr. 24. gr.,
- m) veiting styrkja eða fyrirgreiðslna vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar, sbr. 25. gr.

## 7. gr.

### **Starfsfólk**

Ísafjarðarbær ræður starfsfólk og veitir þeim lausn frá störfum í samræmi við gildandi samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar. Ísafjarðarbær skal að lágmarki ráða:

- stjórnanda sem ber ábyrgð á þjónustu er fellur undir samning þennan,
- sérfræðingi í málefnum fatlaðs fólks,
- tveimur stöðugildum sérhæfðs starfsfólks í barnavernd.

Jafnframt skal barnaverndarþjónustan hafa aðgang að félagsráðgjafa, starfsmanni með annars konar uppeldismenntun, þjónustu sálfræðings, lögfræðings og eftir atvikum öðrum sérfræðingum í málefnum fatlaðs fólks og barnavernd. Ísafjarðarbær ber ábyrgð á gerð ráðningar-, verktaka- eða þjónustusamnings við þjónustuaðila.. Heimilt er að gera samninga við önnur þjónustusvæði á Vestfjörðum, eða einkaaðila, um þá þjónustu.

Hvert þjónustusvæði skal að lágmarki hafa á að skipa:

- stjórnanda eða sérfræðingi í félagsþjónustu með þekkingu á málefnum fatlaðs fólks og barnaverndarþjónustu sem tekur virkan þátt í starfi velferðarteymisins sbr. 8. gr.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "B.S.", "Jón", "AU", "PI", "IBÉ", and "3".

## 8. gr.

### **Velferðarteymi**

Faglegt samstarf og þróun fer fram í velferðarteymi sem er skipað fagfólki. Í velferðarteyminu sitja félagsmálastjórar eða sérfræðingar allra þjónustusvæða og sérhæfðir starfsmenn í málefnum fatlaðs fólks og barnaverndarþjónustu hjá Ísafjarðarbæ samkvæmt nánara fyrirkomulagi sem stjórnendur útfæra. Á teymisfundi er t.d. fjallað um umsóknir um þjónustu, barnaverndartilkynningar og undirbúningur ákvarðana um könnun máls, ákvarðana um meðferð máls í barnavernd, eða þjónustu við fatlaðan einstakling. Velferðarteymið fjallar um og undirbýr allar faglegar ákvarðanir um þjónustubætti sem falla undir samning þennan og vísar málum til þess starfsmanns sem ber ábyrgð á ákvarðanatöku í viðkomandi máli í samræmi við gildandi viðauka við samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Ef tekin er ákvörðun um úrræði eða þjónustu sem felur í sér kostnað sem fellur á lögheimilissveitarfélag viðkomandi einstaklings, skal Ísafjarðarbær kanna hvort svigrúm sé til þess á fjárhagsáætlun ársins hjá viðkomandi sveitarfélagi. Samþykki Ísafjarðarbær að beita umræddu úrræði og ekki er heimild til kostnaðaraukans í fjárhagsáætlun, skal velferðarteymið fela starfsmanni að vinna viðauka vegna málsins og leggja jafnframt til við sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags að afgangi á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar. Óheimilt er að hefja beitingu úrræðisins fyrr en viðauki hefur verið samþykktur, í samræmi við 63. gr. sveitarstjórnarlaga, samþykkt um stjórn viðkomandi sveitarfélags, og þær verklagsreglur sem gilda um viðaukagerð hjá viðkomandi sveitarfélagi. Í neyðartilvikum þar sem úrræði þolir ekki bið, er velferðarteyminu þó heimilt að hefja beitingu úrræðisins til skamms tíma eða þar til viðauki hefur verið samþykktur. Í þeim tilvikum skal Ísafjarðarbær gera viðkomandi sveitarstjórn sérstaka grein fyrir nauðsyn á beitingu slíks úrræðis.

### **III. kafli – Samráð og aðkoma aðildarsveitarfélaganna**

## 9. gr.

### **Fulltrúaráð**

Í fulltrúaráði sitja fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum. Hvert sveitarfélag tilnefnir tvo fulltrúa í ráðið. Fulltrúaráð fundar a.m.k. einu sinni á ári og mótar stefnu í málaflökkunum sem undir sérhæfðu velferðarþjónustuna heyra. Aukafund skal halda ef a.m.k. fjórir fulltrúar óska eftir fundi. Fulltrúaráð kýs formann og ritara á fyrsta fundi. Formaður fulltrúaráðs sér um boðun funda og stýrir þeim. Fundarboð skulu vera rafræn og berast fulltrúum í fulltrúaráði a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundargerðir fulltrúaráðs skulu sendar öllum sveitarstjórnnum til kynningar innan tveggja sólarhringar á fundi.

Á árlegum fundi fulltrúaráðs skal fara yfir ársskýrslu samstarfsins þar sem áhersla er lögð á að greina tækifæri til úrbóta varðandi verklag, verkferla og umsýslu í tengslum við málefni samningsins. Sé tilefni til getur fulltrúaráð lagt til breytingar og endurskoðun á tilgreindum atriðum samningsins.

## 10. gr.

### **Stefnumarkandi ákvarðanir**

Stefnumarkandi ákvarðanir koma til umræðu í fulltrúaráði áður en þær fara til staðfestingar í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og þurfa staðfestingu tveggja sveitarfélaga á Vestfjörðum, auk Ísafjarðarbæjar, áður en þær koma til framkvæmda. Um er að ræða ákvarðanir eða ráðstafanir sem vænta má að breyti forsendum rekstrar viðkomandi verkefnis samkvæmt samningi

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "H.S.", "A.S.", "J.S.", and "O.S.".

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "BAT" and "D.S.".

Þessum, að svo miklu leyti að breytingar hafi veruleg áhrif á þjónustu Ísafjarðarbæjar við íbúa eins eða fleiri aðildarsveitarfélaganna. Eins er um að ræða ákvarðanir um eignfært viðhald fasteigna, nýfjárfestingu eða búnaðarkaup sem þarfnast samþykkis viðauka við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar og/eða hinna sveitarfélaganna.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein mega þó ekki varða verulega fjárhag aðildarsveitarfélaganna enda geta viðkomandi sveitarstjórnir eingöngu tekið slíkar ákvarðanir skv. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga. Nánar er fjallað um fjárhag í IV. kafla þessa samnings.

## 11. gr.

### **Framkvæmdaráð**

Í framkvæmdaráði sitja fimm fulltrúar. Bæjarstjóri og fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar fyrir hönd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps. Hvert hinna þjónustusvæðanna tilnefnir einn bæjar- eða sveitarstjóra til setu í ráðinu.

Framkvæmdaráð fundar a.m.k. tvisvar á ári. Aukafund skal halda ef a.m.k. tveir fulltrúar í framkvæmdaráði óska eftir fundi. Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar sér um boðun funda og stýrir þeim. Framkvæmdaráð kemur sér saman um ritara á fyrsta fundi ráðsins. Fundarboð skulu vera rafræn og berast fulltrúum í framkvæmdaráði a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundargerðir framkvæmdaráðs skulu sendar öllum sveitarstjórnnum til kynningar innan tveggja sólarhringa frá fundi.

Framkvæmdaráð er rekstraráð velferðarþjónustu Vestfirðinga og hefur umsagnar- og tillögurétt er varðar rekstur og fjárhag málaflokka sem undir samning þennan heyra. Á vorin fer framkvæmdaráð yfir rekstur liðandi árs, verklag og áherslur framundan. Á haustin fær framkvæmdaráð til umsagnar drög að fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar í þeim málaflökkum sem undir samning þennan heyra. Jafnframt fjallar framkvæmdaráð um fjárhagsáætlanir þjónustusvæðanna hvað varðar sömu málaflokka.

Ef tekin er ákvörðun um úrræði eða þjónustu sem felur í sér kostnað sem fellur á lögheimilissveitarfélag viðkomandi einstaklings, skal Ísafjarðarbær kanna hvort svigrúm sé til þess á fjárhagsáætlun ársins hjá viðkomandi sveitarfélagi. Samþykki Ísafjarðarbær að beita umræddu úrræði og ekki er heimild til kostnaðaraukans í fjárhagsáætlun, skal velferðarteymið fela starfsmanni að vinna viðauka vegna málsins og leggja jafnframt til við sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags að afgreiða á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar. Óheimilt er að hefja beitingu úrræðisins fyrr en viðauki hefur verið samþykktur, í samræmi við 63. gr. sveitarstjórnarlaga, samþykkt um stjórn viðkomandi sveitarfélags, og þær verklagsreglur sem gilda um viðaukagerð hjá viðkomandi sveitarfélagi. Í neyðartilvikum þar sem úrræði þolir ekki bið, er teyminu þó heimilt að hefja beitingu úrræðisins til skamms tíma eða þar til viðauki hefur verið samþykktur. Í þeim tilvikum skal Ísafjarðarbær gera viðkomandi sveitarstjórn sérstaka grein fyrir nauðsyn á beitingu slíks úrræðis.

Framkvæmdaráð skal fyrir 1. október hvert ár skilgreina hverskonar úrræði eða þjónusta getur fallið undir ákvæði 2. mgr. 8. gr. og kynna fyrir aðildarsveitarfélögum.

Framkvæmdaráð skal, í samráði við velferðarteymi, útfæra tillögu um fyrirkomulag þjónustukaupa milli þjónustusvæða og leggja fyrir sveitarstjórnir til samþykktar.

Ísafjarðarbær skal leggja fjárhagsáætlun og viðauka við fjárhagsáætlun fyrir framkvæmdaráð til umsagnar. Jafnframt skal Ísafjarðarbær leggja árshlutaskýrslur um þróun þjónustunnar og ársreikning fyrir framkvæmdaráð til kynningar.

O.S. Jón  
A.S.  
A.S.S.  
5  
B.T.  
B.E.

## 12. gr.

### **Velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar**

Velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu fyrir öll aðildarsveitarfélög samningsins skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar markar stefnu og gerir framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar á öllu þjónustusvæðinu skv. 9. gr. barnaverndarlaga og sendir sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaga samningsins til staðfestingar.

Þjónustusvæðin tilnefna hvert einn áheymarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á fundum velferðarnefndar Ísafjarðarbæjar þegar til umræðu eru málefni samstarfsverkefnisins. Almennt sækja áheymarfulltrúar fundi í gegnum fjarfundabúnað. Þjónustusvæðin bera kostnað af þátttöku sinna áheymarfulltrúa.

## 13. gr.

### **Upplýsingagjöf**

Hvert sveitarfélag hefur einn aðgang að stjórnendamælaborði sem tengist bókhaldskerfi Ísafjarðarbæjar og bókhaldskerfum þeirra sveitarfélaga sem veita þjónustu sem falla undir samning þennan. Aðgangurinn skal takmarkast við rekstur þeirra deilda sem samstarfið nær til. Framkvæmdaráð skal setja reglur um aðgengi að og notkun þeirra upplýsinga. Stjórnendamælaborð skal vera orðið virkt innan þriggja mánaða frá gildistöku samnings þessa. Kostnaður við stjórnendamælaborð s.s. leyfismál, þjónustugjöld, launakostnað og uppfærslur telst sameiginlegur kostnaður við samstarfið.

Framkvæmdaráði er jafnframt heimilt að kalla eftir upplýsingum frá Ísafjarðarbæ og einstökum þjónustusvæðum um þróun rekstrar og þjónustu.

Fulltrúar í sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að þessum samningi og hafa falið Ísafjarðarbæ að annast fyrir sig umrædd afmörkuð verkefni eiga sama rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum um verkefnið hjá Ísafjarðarbæ og bæjarfulltrúar Ísafjarðarbæjar samkvæmt 28. og 96. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ísafjarðarbær ber ábyrgð á miðlun upplýsinga og gagna til annarra samstarfsaðila skv. 8. tölul. 4. mgr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga og á grundvelli annarra sérlaga.

Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um upplýsingarétt sveitarstjórnarfólks, lög um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem og önnur lög sem gilda um viðkomandi málaflokka.

## **IV. kafli – Fjármál og eignarhald**

### 14. gr.

#### **Fjárhagsáætlun**

Velferðarteymið sbr. 8. gr. skal gera tillögu að fjárhagsáætlun komandi árs vegna þeirra þjónustupátta sem undir samning þennan falla. Sú tillaga skal lögð fram í bæjarráði Ísafjarðarbæjar og framkvæmdaráði fyrir 15. september ár hvert.

Samhliða skal velferðarteymið leggja fram tillögur að breytingum sem hafa áhrif á þriggja ára rammaáætlun sömu málaflokka.

Framkvæmdaráð skal hafa lokið umfjöllun sinni fyrir 15. október og skila umsögn til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

ME  
AS  
MLT  
AS

6  
BPT  
ASS

Gerri bæjarráð Ísafjarðarbæjar breytingar á tillögu að fjárhagsáætlun að lokinni umsögn framkvæmdaráðs, er felur í sér hækkun á heildarkostnaði sem nemur meira en 5% frá fyrri tillögu, skal sú breytingartillaga koma til umsagnar framkvæmdaráðs.

Fjárhagsáætlun þeirra þjónustupátta sem undir þennan samning heyra skal staðfest sem hluti af fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar í samræmi við VII. kafla sveitarstjórnarlaga.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina í samræmi við VII. kafla sveitarstjórnarlaga. Viðaukatillögur skulu lagðar fyrir framkvæmdaráð til umsagnar. Framkvæmdaráð hefur tvær vikur til að veita umsögn og skal tilkynna aðildarsveitarfélögum um breytingar á greiðslupátttöku sem leiðir af hverri viðaukatillögu.

#### 15. gr.

#### **Árshlutaskýrslur**

Fyrir 15. september ár hvert skulu velferðarteymið og framkvæmdaráð taka saman gögn um þróun rekstrar og þjónustu og senda aðildarsveitarfélögum til upplýsinga.

#### 16. gr.

#### **Ársskýrsla**

Framkvæmdaráð ber ábyrgð á að útbúa ársuppgjör fyrir þjónustuna sem send er öllum sveitarfélögum til upplýsinga. Ársuppgjórið skal taka mið af lögum og reglum um bókhald og fjármál sveitarfélaga.

Að öðru leyti er það bæjarráð Ísafjarðarbæjar sem sér um reikningsskil vegna þjónustunnar og er hún hluti af almennum ársreikningi sveitarfélagsins og lagður fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu í samræmi við VII. kafla sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórnir annarra sveitarfélaga gera grein fyrir kostnaði vegna þjónustunnar sem og rekstri sinna þjónustusvæða í samræmi við lög og reglur um bókhald og fjármál sveitarfélaga.

#### 17. gr.

#### **Fjárhagslegt uppgjör**

Almennur kostnaður skiptist milli aðildarsveitarfélaga í samræmi við íbúafjölda 1. janúar viðkomandi rekstrarárs, sbr. þó ákvarðanir samkvæmt 1. mgr. 11. gr. Ísafjarðarbær sendir reikning til aðildarsveitarfélaga mánaðarlega í samræmi við fjárhagsáætlun. Eftir áramót ár hvert er gert uppgjör og reikningar sendir út í samræmi við raunverulegan kostnað.

Ísafjarðarbær sendir sérgreindan reikning til aðildarsveitarfélaga þegar veitt er sérstök þjónusta eða úrræði sbr. 4. mgr. 11. gr. Skulu slíkir reikningar einnig berast mánaðarlega.

Ísafjarðarbær er heimilt að kaupa þjónustu af þjónustusvæðum aðildarsveitarfélaga og senda þá aðildarsveitarfélög reikning á Ísafjarðarbær í samræmi við fyrirkomulag um þjónustukaup sbr. 5. mgr. 10. gr.

#### 18. gr.

#### **Eignarhald á mannvirkjum, rekstrartækjum og öðrum verðmætum, ef við á.**

Mannvirki, rekstrartæki og önnur verðmæti í eigu sveitarfélaganna verða það áfram eftir gildistöku samningsins. Komi til nýrra framkvæmda á samningstímanum munu samningsaðilar komast að samkomulagi um eignarhald þeirra, hlutdeild og kostnaðarskiptingu.

*Handwritten signatures and initials:*  
Handwritten signatures and initials in blue ink, including "A.S.", "A.L.", "BPT", and "BSS/BSE".

Kaup á búnaði sem nýttur er við að veita þjónustu samkvæmt samningi þessum telst eign þess aðila sem greiddi.

## 19. gr.

### **Samningar við einkaaðila**

Ísafjarðarbæ er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd þjónustu og verkefna sem falla undir samning þennan, svo sem um sálfræðipjónustu, lögfræðipjónustu og aðra sérhæfða þjónustu, og ber að ganga úr skugga um að viðkomandi aðili uppfylli lögskyld skilyrði til þeirrar starfsemi s.s. rekstrarleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

## V. kafli – Uppsögn og gildistaka

### 20. gr.

#### **Breytingar og uppsögn samnings**

Tillögur um breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu koma til umræðu í fulltrúaráði.

Ákveði Ísafjarðarbær að segja upp samningi þessum, skal sú ákvörðun tilkynnt öllum sveitarstjórnnum skriflega.

Ákveði aðildarsveitarfélag að segja upp samningi þessum skal sú ákvörðun tilkynnt Ísafjarðarbæ, og öllum sveitarstjórnnum skriflega.

Ísafjarðarbær og viðkomandi sveitarfélag/sveitarfélög skulu leitast við að komast að samkomulagi um gildistöku uppsagnar, en uppsagnarfrestur skal ekki vera styttri en sex mánuðir að telja frá næstu mánaðarmótum eftir að tilkynning um uppsögn berst.

Ef öll sveitarfélögin sem eru aðilar að samningi þessum eru um það sammála er heimilt að slíta samstarfi á skemmri tíma en sex mánuðum.

### 21. gr.

#### **Gildistaka**

Samningur þessi tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum og að fenginni staðfestingu allra sveitarstjórna auk mennta- og barnamálaráðuneytisins og félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins.

### 22. gr.

#### **Ágreiningur**

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skal honum vísað til héraðsdóms Vestfjarða, náist ekki samkomulag milli aðila.

### 23. gr.

#### **Bráðabirgðarákvæði**

Fyrir 1. september 2024 skulu aðildarsveitarfélög hafa lagt mat á reynslu samstarfsins og leggja fyrir fulltrúaráð til umfjöllunar. Á þeim vettvangi verði eftir atvikum ræddar breytingar á framkvæmd samningsins.

Af samningi þessum eru gerð átta samhljóða eintök, eitt handa hverjum samningsaðila.

*Handwritten signatures:* Jón, HJ, HJ, B.D.

*Handwritten signatures:* BPT, 8, PS)



**Þannig samþykkt:**

Í hreppsnefnd Árneshrepps, 24. ágúst 2023

Í bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar, 12. september 2023

Í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 7. september 2023

Í hreppsnefnd Kaldrananeshrepps, 26. júlí 2023


Í sveitarstjórn Reykhólahrepps, 16. ágúst 2023

Í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps, 8. september 2023

Í sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps, 22. ágúst 2023

Í bæjarstjórn Vesturbyggðar, 16. ágúst 2023

F.h. Árneshrepps



Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti

F.h. Reykhólahrepps



Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri

F.h. Bolungarvíkurkaupstaðar



Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri

F.h. Súðavíkurhrepps



Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri

F.h. Ísafjarðarbæjar



Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri

F.h. Tálknafjarðarhrepps



Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

F.h. Kaldraneshrepps



Finnur Ólafsson, oddviti

F.h. Vesturbyggðar



Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarstjóri

